



Mikilvægt að láta vita um mannabreytingar

Nú er nýtt skólaár gengið í garð og því fylgja ávallt breytingar. Skólaráð og foreldraráð eiga að vera tekin til starfa samkvæmt nýjum menntalögum og viljum við minna á mikilvægi þess að senda okkur upplýsingar um þær breytingar sem verða á formönnum ráðanna svo hægt sé að uppfæra póstlista og tryggja þannig að áriðandi tilkynningar sem varða foreldrasamstarfið komist til skila. Vinsamlegast sendið okkur upplýsingar um nýjar stjórnir á netfangið: heimiliogskoli@heimiliogskoli.is



Ályktanir stjórnar um busavígslur og innritun

Stjórn Heimilis og skóla hefur nýverið sent frá sér tvær ályktanir er tengjast framhaldsskólunum. Í þeirri fyrri er því fagnað að vinna sé hafin í menntamálaráðuneytinu við endurskoðun á innritunarferlinu í framhaldsskólana og vænta samtökin þess að grunnskólanemendum verði sem fyrst gert ljóst með hvaða hætti þeir verða metnir inn í framhaldsskólana næsta vor og samræmis verði gætt í því mati. Seinni ályktunin snýr að busavígslum en stjórn Heimilis og skóla hvatti skólayfirvöld til að hlutast til um skipulag þeirra og kynna það á heimasíðum skólanna í því augnamiði að koma í veg fyrir ofbeldi og auka ánægjuna sem fylgir því að byrja í nýjum skóla. Í ályktuninni segir meðal annars að busavígslur eigi að vera uppbyggjandi og ánægjulegar og til þess gerðar að taka vel á móti nýnemum.



Foreldra- og skólaráð tekin til starfa


Ný menntalög gera ráð fyrir að skólaráð starfi við alla grunnskóla og foreldraráð við framhaldsskóla og leikskóla. Skóla- og foreldraráð eru mikilvægur lögboðinn vettvangur foreldra til að koma skoðunum sínum á skólasterfi á framfæri við skólastjórnendur og því skiptir miklu að vel sé að þeim staðið og að þau taki til starfa strax í skólabyrjun. Á heimasíðu Heimilis og skóla er að finna ýmsar upplýsingar hvað þetta varðar. Má þar nefna reglugerð um skólaráð við grunnskóla, dæmi um starfsreglur og fleira.

Menntamálaráðuneytið hefur einnig birt nokkrar reglugerðir er varða skólalöng og hér að neðan er að finna tengla inn á þær:

- Reglugerð nr.658/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalöng
- Reglugerð nr.657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða
- Reglugerð nr.656/2009 um skólaakstur í grunnskóla
- Reglugerð nr.655/2009 um starfsumhverfi skóla
- Reglugerð nr.654/2009 um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku

Hægt er að leita aðstoðar hjá Heimili og skóla við að stofna foreldra- og skólaráð og eins ef fólk vill formgera erindi til foreldra- eða skólaráðs.

Um helmingur landsmanna þekkir SAFT



Samkvæmt nýrri könnun Capacent Gallup hefur tæplega helmingur landsmanna heyrt um eða tekið eftir SAFT verkefni. Af þeim sem þekkja SAFT verkefnið eru 87,3% jákvæðir gagnvart því, 12,2% eru hvorki jákvæð né neikvæð og einungis 0,5% eru neikvæð. Árið 2007 var sýnileiki verkefnisins einnig mældur og voru niðurstöður þá með svipuðu móti og nú. Nánari upplýsingar um SAFT verkefni má finna á saft.is. Auk þessarar nýju könnunar er gaman að segja frá því að nýstofnað ungmennaráð SAFT, sem samanstendur af krökkum á aldrinum 12-18 ára alls staðar að af landinu, hefur nú þegar skorað á skólastjórnendur að halda sérstaka þemaviku í haust um jákvæða og örugga netnotkun.